Nýmæli dags og nætur.
Kýmni.
1 blað qto.

## Nýmæli dags og nætur.

Svíar eiga sér stórblað nokkurt, er heitir „Dagens Nyheter" – en vantar, að ég held Nattens Nyheter, sem þeim væri gott að eiga – og við Íslendingar ættum nú, á nýfengnu sjálfstæði voru, að standa þeim á sporði og helst af öllu taka þeim fram á þá lund, að eiga málgagn nokkurt, er flutt geti þjóðinni helstu nýmælin, sem á dagskrá eru þann og þann daginn, bæði nætur sem daga. Gæti þá staðið, að í ljós kæmi ýmislegt það, sem nú, að þó, er gyrði, myrkrinu hulið.

Hér er aðeins sýnishorn fyrstu blaðsíðu rits þessa.

Íþrótta- og ungmennafélögin í Faxafeni halda sameiginlega mánaðarskemmtun sína í Feni sveitarinnar og verður dagskráin þannig:

1. Guðsþjónusta og sálmasöngur. 2. Eftirhermur, 3. Hnefaleikameistarar koma fram í vígvellinum, og 4. Dans alla nóttina.

NB. Sóknarpresturinn, Ólafur í Faxafeni flytur ræðuna, söngnum stýrir Eggert í Ódagoti, hnefaleikana annast methafameistarinn, Magnús sálarháski.[7]

[7] fyrir sjötundar

Fyrir dansinum ráða ástandsstúlkurnar í bænum. (útvarpsfrétt).
Drukknum mönnum leyfður ókeypis aðgangur.

Blaðamenn voru í boði .... að .... og fengu þar að sjá fóðrun kerlinganna, sem þar varð að drepa fyrir árum. Messa fór þar fram í sambandi við opnun þessa og ávarpaði blaðamenn mjög að viðstöddum þar og þeir, hversu skemmtun hefði verið þeim ánægjuleg. Einhverjum þeirra verður boðið til vestur fara á næstunni til þess að þiggja þar boð nokkurt, er forsetinn vestan hafs hefir gert þeim; verða þeir Sæmundur gamli, Vilhjálmur og Hannes á Horninu meðal þeirra er vestur fara.

(útvarpsfrétt, kl. 12 á miðnætti)

---

Fjórir minkar komu til bæjarins í nótt. Höfðu þeir komið með drykkjarvatninu úr Gvendarbrunnum gegnum leiðslurnar er þaðan liggja.

(Tekið eftir „Dagblaðinu", kl. 5 á morgun).